

261. KIRKJURÁÐSFUNDUR

AUKAFUNDUR

FÖSTUDAGUR 24. FEBRÚAR 2017 KL 9:30

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Staðastaður. Viðbrögð sóknarprests við sáttatilboði Kirkjumálasjóðs, stöðuskýrsla.
3. Laugavegur 31, afstaða tekin til ákvörðunar um hvort fasteignin verði seld á grundvelli tilboða sem í hana hafa borist. Sverrir Kristinsson fasteignasali kemur til fundarins. Hann kynnir kirkjuráði tilboðin og svarar spurningum.
4. Kynning frá ráðgjafarfyrtækinu ALTA.

FUNDARHLÉ, fundi verður framhaldið að loknu framhaldskirkjuþingi 2016.

5. Skálholt, vígslubiskupskjör, erindi kjörstjórnar kirkjunnar sem tekið var fyrir á 260. fundi og frestað.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk Agnesar M. Sigurðardóttur biskups og forseta kirkjuráðs, kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir, séra Gísli Gunnarsson og séra Elínborg Gísladóttir.

Jafnframt sátu fundinn sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari, Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

2. STAÐASTAÐUR. KRÖFUR SÓKNARPRESTS.

Lagt fram bréf lögmannsstofunnar LANDSLÖG til biskups Íslands og kirkjuráðs með tilboði um lokauppgjör dags. 22. febrúar 2017. Jafnframt lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra með orðsendingu hans til lögmanns sóknarprestsins þar sem hvatt er til sáttatilboðs af hans hálfu og með greiningu framkvæmdastjóra á fjárkröfum sem koma fram í sáttatilboðinu. Kirkjuráð hafnar kröfunum.

3. LAUGAVEGUR 31, AFSTAÐA TIL TILBOÐA Í EIGNINA

Lagt fram kauptilboð frá félaginu M3 Capital ehf. f.h. óstofnaðs einkahlutafélags í eignina. Jafnframt lögð fram greining fasteignasölnunnar EIGNAMIÐLUN á húsaleiguforsendum og ávöxtunarkröfu kauptilboðsins. Að lokum lagðir fram minnisþættir framkvæmdastjóra með lýsingu á efnisatriðum kauptilboðsins og hugmyndum tilboðsgjafa um valmöguleika við útfærslu tilboðsins. Málinu frestað. Málinu framhaldið á framhaldsfundi hinn 3. mars 2017. Forseti kirkjuráðs bar fram svohljóðandi tillögu: Kirkjuráð hefur kynnt sér þau tilboð sem bárust í eignina Laugaveg 31. Kirkjuráð ákveður að hafna þeim á þeirri forsendu að þau uppfylli ekki þær væntingar sem lagt var upp með varðandi söluna. Tillagan borin upp til atkvæða og hlaut tillagan þrjú atkvæði, einn kirkjuráðsmaður sat hjá og einn greiddi atkvæði gegn tillögunni. Stefán Magnússon óskaði eftir svohljóðandi bókun: Ég harma þá afstöðu meirihluta kirkjuráðs að greiða atkvæði með tillögu forseta kirkjuráðs og hafna þar með fyrirbyggjandi og mjög ásættanlegu kauptilboði.

4. KYNNING FRÁ RÁÐGJAFARFYRIRTÆKINU ALTA

Kynningunni frestað vegna veðurs og ófærðar.

5. SKÁLHOLT, VÍGSLUBISKUPSKJÖR. ERINDI KJÖRSTJÓRNAR KIRKJUNNAR

Kirkjuráð ákveður að kjör til vígslubiskups Skálholtsumdæmis hefjist hinn 15. ágúst 2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið hinn 3. mars 2017 kl. 12:15.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup,
forseti kirkjuráðs.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Gísli Gunnarsson.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.